



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 133/537  
komudagur 4.12.2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2006.

**Málafni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum. 357. mál.*

Tollstjórinn í Reykjavík hefur mótttekið erindi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald o.fl. með síðari breytingum. 357. mál.

Meginbreytingarnar í frumvarpinu lúta að ákvæðum um kærheimildir, refsíabyrgð og eftirlit. Auk þess sem lagt er til að tímabundin lækkun olfugjalds verði framlengd um eitt ár. Með frumvarpinu er m.a. stefnt að því að gera refsíákvæði laganna gagnsærri og að beiting þeirra verði skilvirkari.

Embættið telur að frumvarpið sé til þess fallið að auðvelda eftirlit viðkomandi aðila með því að eftir lögunum sé farið auk þess sem að viðurlög vegna brota á þeim verður fyrirsjáanlegri.

Lagafrumvarpið hefur ekki sérstök áhrif á starfsemi embættisins og gerir það ekki athugasemdir við einstakar greinar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. tollstjórans í Reykjavík

Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri